

26. aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga, miðvikudaginn 3. apríl 2024.

Haldinn í Grunnskólanum á Hellu

Fundur settur kl. 20:07

14 manns sitja fundinn; stjórn, þjálfarar + 3 foreldrar

1. Yngvi Karl kosinn fundarstjóri. Sandra Sif kosin ritari fundarins.
2. Starfsskýrsla stjórnar kynnt, Tinna les.
3. Gunnar Aron, gjaldkeri, fer yfir endurskoðaða ársreikninga fyrir árið 2023.
4. Starfsskýrsla og reikningar
 - a. Umræða og spurningar - ársreikningur ræddur.
 - b. Borið undir fundarmenn - Starfsskýrsla stjórnar og ársreikningar 2023 bornir upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
5. Kosning stjórnar. Allir í aðalstjórn gefa kost á sér áfram nema Guðrún Lára. Elísabeth Lind gefur kost á sér í stjórn. Þau skipti samþykkt samhljóða. Tinna gefur kost á sér sem formaður áfram, samþykkt samhljóða. Klara og Gunnar hafa sæta skipti, Klara verður gjaldkeri og Gunnar Aron varamaður.
6. Önnur mál.
 - Ólafur Örn stingur upp á að við endurvekjum uppskeruhátíðina að hausti. Fundarmenn taka vel í þá hugmynd. Rætt um hvort eigi að veita viðurkenningar og þá hvaða.
 - Gervigrasvallarmál á Hellu, Gunnar ræðir. Sveitarstjórn fór af stað með umræðu og skipulag á velli í fullri stærð. Vonir bundnar við að byrjað verði á framkvæmdinni vorið 2024 og að hægt verði að keppa á vellinum vorið 2025. 240 milljónir komnar á kostnaðaráætlun hjá Rangárþingi ytra fyrir árið 2024.

Fundi slitið kl. 20:41